

Tilmæli 23/2022 og 24/2022
Tillaga A 1893/Vækst
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um pólitískt samráð um tilmæli nr. 23/2022 og 24/2022

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð telji að loknu pólitísku samráði að afgreiðslu tilmæla 23/2022 og 24/2022 sé lokið.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að þróuð verði heildstæð viðmið um sjálfbæra ferðaþjónustu sem nái til allra þátta ferðaþjónustugeirans ásamt tilheyrandi áhrifagreiningu
- að Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
- að innleitt verði vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu.

Pólitískt samráð

Þann 26. nóvember 2024 fór fram pólitískt samráð í Stokkhólmi á milli Ebbu Busch, atvinnumálaráðherra Svíþjóðar og Kjell-Arne Ottosson, formanns nefndarinnar.

Með hinu pólitíska samráði vildi nefndin fá skýrt svar við tilmælum Norðurlandaráðs um vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu.

Ráðherrann sagði að skilningur væri á sjónarmiðum nefndarinnar en að sem stendur væri pólitískur ávinningur ekki talinn nægur með hliðsjón af vinnunni og kostnaðinum við að koma upp samnorrænu vottunarkerfi.

Þó hefur Norræna ráðherranefndin samþykkt nýjar norrænar samstarfsáætlanir fyrir árin 2025–2030 þar sem ferðaþjónusta og sjálfbærni eru á meðal áherslusviða.

Umræðurnar munu því að öllum líkindum halda áfram þar sem minni fyrirtæki eiga í miklum vandræðum með að markaðssetja sig sem sjálfbær þar sem þau þurfa að fylgja mörgum mismunandi vottunarkerfum.



Sjónarmið nefndarinnar

Við hið pólitíska samráð gaf Ebba Busch atvinnumálaráðherra skýr og góð svör við tilmælunum tveimur um ástæður þess að ekki sé hægt að hrinda þeim í framkvæmd á þessari stundu.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Per-Arne Håkansson (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD),

Johan Dahl (sb)

Sandra Listerby (Lib)

Ann-Christine Utterstedt (SD)

Erling Eidesgaard (T)